Reykjavíkurborg

Reykjavík, 2. júlí.2026
FAS25090025

**Innkaupa- og framkvæmdaráð**
**EES útboð 16209 – Ræsting fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar**
Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES.

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 28.4.2026 og skiluðu 5 fyrirtæki inn tilboði þ.e. AÞ Þrif ehf, Dagar hf, Hreint ehf, Iclean ehf og Sólar ehf.

Þessu útboði var skipt í 4 hluta með 19 skólum samtals, heimilt var að bjóða í stakan, nokkra eða alla hluta.

Hlutarnir voru samtals um 46.000m2 og skiptust svona:

| Hluti 1. | | m2 |
|---|---|---|
| | Grandaskóli | 2321,45 |
| | Hagaskóli | 2286,4 |
| | Melaskóli | 4845,8 |
| | Vesturbæjarskóli | 1183,3 |
| | | 10636,95 |
| Hluti 2. | | |
| | Brúarskóli | 1269,3 |
| | Hvassaleitisskóli | 2279,7 |
| | Klettaskóli | 3952,9 |
| | Laugarnesskóli- Skólaþorp | 1643,4 |
| | Réttarholtsskóli | 1554,2 |
| | | 10699,5 |

| Hluti 3. | | m2 |
|---|---|---|
| | Álftamýrarskóli | 3.213,4 |
| | Árbæjarskóli | 1.949,0 |
| | Ártúnsskóli | 556,0 |
| | Fellaskóli | 559,5 |
| | Hlíðaskóli | 4.727,7 |
| | Norðingaskóli | 1.488,6 |
| | | 12.494,2 |
| Hluti 4. | | |
| | Borgaskóli | 2.275,0 |
| | Dalskóli | 1.847,0 |
| | Foldaskóli | 5.119,7 |
| | Víkurskóli | 2.949,1 |
| | | 12.190,8 |

Heimilt er að að bæta við allt að 10.000 m2 í viðbótarhúsnæði á samningstíma og skal þá verð vera það sama og á ræstingu í sambærilegu húsnæði.

Fyrir hvern hluta voru skilgreindir starfsstaðir með tilliti til tegundar rýmis,ræstitíðni á viku per rými, flatarmál (m2) per rými. Tilboðsverðin voru án VSK án tillits til ræstingartíðni (kr/m2)

| Útboð nr. 16209 Ræsting fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar<br>Mikilvægt er að fylla út í alla liði til að eiga gilt tilboð í þessum hluta | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skóli/staður | Númer rýmis | Tegund rýmis/Notkun | Ræstingartíðni á viku | Flatarmál | Tilboðsverð án vsk án tillits til tíðni (Kr./m2) | Samtals kr. án vsk pr viku | Samtals kr. án vsk pr ár (m.v. 35 vikur á ári) |

Tilboðsverðin án tillits til ræstingartíðni (kr/m2) eru uppreiknuð per viku og per ár til að bera saman tilboðin. Buðu þessi fyrirtæki eftirfarandi verð án VSK.

| | AÞ Þrif ehf | Dagar hf | Hreint ehf | Iclean ehf | Sólar ehf |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hluti 1** | 43.729.119 kr | 31.192.282 kr | 42.475.796 kr | 58.371.485 kr | 33.143.386 kr |
| **Hluti 2** | 45.495.363 kr | 33.014.327 kr | 43.302.981 kr | 58.803.014 kr | 50.904.284 kr |
| **Hluti 3** | 47.582.633 kr | 39.681.944 kr | 45.336.183 kr | 68.524.596 kr | 57.511.463 kr |
| **Hluti 4** | 49.493.714 kr | 38.789.775 kr | 40.998.076 kr | 66.963.012 kr | 37.712.626 kr |

Við mat á tilboðum var litið til skilmála í útboðslýsingu en í kafla _0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs_ stendur m.a:

„Samið verður við þann aðila í hverjum hluta sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs. Viðmiðunarfjárhæðin er heildarverð fyrir eitt ár (35 vikur á ári) án vsk fyrir hvern hluta."

Áætluð ársvelta með nýjum samningum er um 141,6 milljónir á ári án VSK en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 198,9 milljónir án VSK eða um 71% af kostnaðaráætlun.

Samningurinn gildir í fjögur ár frá því að hann kemst að fullu í framkvæmd. Heimilt er að framlengja hann tvisvar sinnum, eitt ár í senn.

Þetta er í fyrsta skipti sem ræsting er boðuð út í mörgum grunnskólum samtímis og ljóst er að fjárhagslegur ávinningur er þó umtalsverður ef horft er til kostnaðaráætlunar sem og hvað skólar hafa verið að greiða í aðkeypta ræstingu. Það eru mikil samlegðaráhrif fyrir ræstingarfyrirtæki að sinna ræstingarþjónustu í nokkrum/mörgum skólum í einu á sama svæði.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lægsta gilda tilboði í hverjum hluta, þ.e við:

- Daga hf í hluta 1 að upphæð 31.192.282 kr án VSK
- Daga hf í hluta 2 að upphæð 33.014.327 kr án VSK
- Daga hf í hluta 3 að upphæð 39.681.944 kr án VSK og
- Sólar ehf í hluta 4 að upphæð 37.712.626 kr án VSK.

Bæði fyrirtæki hafa staðist fjárhagsskoðun Skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat Skóla- og frístundasviðs.

Virðingarfyllst

Frans Páll Sigurðsson
fjármálastjóri
*Skóla- og frístundasvið*
*Fjármálaskrifstofa*

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*

Árið 2026, þann 28. apríl kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði skóla- og frístundasviðs nr. 16209 „Ræsting fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar".
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Á tilboðsfresti voru birtir sjö viðaukar.

| | Eftirfarandi tilboð bárust: | | | Heildartilboðs-verð fyrir 1 ár, án vsk. | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hreint ehf. | Hluti 1 | Kr | 42.475.796 | 100,73% |
| | | Hluti 2 | Kr | 43.302.981 | 95,53% |
| | | Hluti 3 | Kr | 45.336.183 | 80,56% |
| | | Hluti 4 | Kr | 40.998.076 | 74,38% |
| 2 | Sólar ehf. | Hluti 1 | Kr | 33.143.386 | 78,60% |
| | | Hluti 2 | Kr | 50.904.284 | 112,30% |
| | | Hluti 3 | Kr | 57.511.463 | 102,19% |
| | | Hluti 4 | Kr | 37.712.626 | 68,42% |
| 3 | Iclean ehf. | Hluti 1 | Kr | 58.371.485 | 138,43% |
| | | Hluti 2 | Kr | 58.803.014 | 129,73% |
| | | Hluti 3 | Kr | 68.524.596 | 121,76% |
| | | Hluti 4 | Kr | 66.963.012 | 121,49% |
| 4 | Dagar ehf. | Hluti 1 | Kr | 31.192.282 | 73,97% |
| | | Hluti 2 | Kr | 33.014.327 | 72,83% |
| | | Hluti 3 | Kr | 39.681.944 | 70,51% |
| | | Hluti 4 | Kr | 38.789.775 | 70,37% |
| 5 | AÞ-Þrif ehf. | Hluti 1 | Kr | 43.729.119 | 103,70% |
| | | Hluti 2 | Kr | 45.495.363 | 100,37% |
| | | Hluti 3 | Kr | 47.582.633 | 84,55% |
| | | Hluti 4 | Kr | 49.493.714 | 89,79% |
| | Kostnaðaráætlun | Hluti 1 | Kr | 42.167.365 | 100,00% |
| | Kostnaðaráætlun | Hluti 2 | Kr | 45.328.532 | 100,00% |
| | Kostnaðaráætlun | Hluti 3 | Kr | 56.278.625 | 100,00% |
| | Kostnaðaráætlun | Hluti 4 | Kr | 55.118.826 | 100,00% |

Fleiri tilboð bárust ekki.
Opnun tilboða lokið kl. 10:30